



FERÐAÞJÓNUSTA Í TÖLUM

- Janúar 2023


Erlendir ferðamenn um Keflavíkurlugvöll

Brottfarir erlendra farþega árið 2022¹


	% af brottförum	Fjöldi	Breyting frá	
			2021	2019
Heildarfjöldi	1.696.785		147%	-15%
<i>10 stærstu þjóðernin*</i>				
Bandaríkin	27,0%	458.014	101%	-1%
Bretland	13,5%	229.843	321%	-12%
Þýskaland	7,8%	131.812	107%	0%
Frakkland	5,3%	89.376	145%	-8%
Pólland	4,9%	83.683	61%	-11%
Ítalía	3,6%	61.238	118%	30%
Danmörk	3,5%	58.746	142%	19%
Holland	3,0%	51.359	200%	19%
Spánn	3,0%	50.736	159%	-14%
Kanada	2,6%	43.648	498%	-38%

*Samanlagt voru tíu stærstu þjóðernin 2022, 74,2% af heild.


Brottfarir eftir mánuðum 2022 ('000)¹



Brottfarir eftir mánuðum 2022 – Fimm stærstu þjóðernin¹



Brottfarir erlendra farþega 2018-2022¹



Tilgangur Íslandsferðar, dvalarlengd erlendra ferðamanna

Megintilgangur árið 2022²

	% af brottförum	Fjöldi*
Frí	91,3%	1.549.165
Heimsókn til vina/ætt.	3,2%	54.297
Viðskiptatengt	2,9%	49.207
Heilsutengt, nám o.fl.	1,4%	23.755
Tímabundin vinna	0,6%	10.182
Dvöl án gistingar	0,6%	10.181


Fjöldatölur eru uppreiknaðar út frá talningum á Keflavíkurlugvelli.

Dvalarlengd árið 2022²

	Meðalfjöldi gistingu	Breyting* frá	
		2021	2019
Meðaldvalarlengd	7,4	-10%	12%
Bandaríkin	6,6	-13%	18%
Bretland	5,4	-8%	8%
Þýskaland	9,8	-5%	11%
Frakkland	9,1	-	6%
Pólland	8,4	17%	17%
Ítalía	8,4	-8%	2%
Danmörk	6,9	-9%	11%
Holland	8,6	-1%	15%
Spánn	8,5	-13%	2%
Kanada	7,2	-13%	16%


*Samanburður tekur mið af gistingu á ársgrunni 2022/'21 og 2022/'19.

Dvalarlengd (nætur) ferðamanna eftir mánuðum 2022²




Hvaða landshlutar heimsóttir og í hvaða landshluta gist²

Hvaða landshluta heimsóttu erlendir ferðamenn árið 2022¹



Í hvaða landshluta gistu erlendir ferðamenn árið 2022¹




Gistinætur

Skráðar gistinætur 2022*³


	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá	
			2021	2019
Gistinætur alls		8.847.182	77%	5%
Hótel	53%	4.699.545	91%	4%
Gistiheimili	14%	1.276.777	64%	2%
Önnur gisting	32%	2.870.860	62%	10%

*Gistinætur Íslendinga og erlendra ferðamanna.

Skráðar gistinætur ('000)* eftir mánuðum³



Skráðar gistinætur 2018-2022³



Hótelgistinætur

Gistinætur 5 stærstu þjóðerna* á hótélum 2022³

	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá	
			2021	2019
Gistinætur alls		4.699.545	91%	4%
Bandaríkin	25%	1.179.797	85%	-2%
Ísland	20%	934.417	14%	113%
Bretland	14%	656.371	217%	0%
Þýskaland	9%	400.663	118%	14%
Frakkland	4%	190.356	142%	7%


*Gistinætur fimm stærstu þjóðerna 72% af hótelgistinóttum.

Herbergjanýting á hótélum 2022³


	Landið allt			Höfuðborgarsvæðið		
	Nýting 2022	Breyting frá 2021 2019		Nýting 2022	Breyting frá 2021 2019	
Allt árið	63%	61%	-3%	73%	69%	-3%
Jan	29%	200%	-43%	37%	288%	-45%
Feb	51%	298%	-24%	67%	516%	-20%
Mar	55%	294%	-16%	68%	342%	-15%
Apr	50%	258%	2%	59%	288%	4%
Mai	53%	109%	-4%	63%	102%	-6%
Jún	79%	96%	9%	82%	84%	6%
Júl	89%	27%	10%	91%	34%	13%
Ágú	89%	17%	7%	90%	19%	6%
Sep	78%	23%	6%	82%	29%	4%
Okt	73%	18%	7%	84%	17%	9%
Nóv	58%	31%	1%	76%	31%	0%
Des	51%	46%	-1%	71%	53%	2%

Herbergjanýting á hótélum eftir landslutum³


Desember 2022




Nóvember 2022




Október 2022




September 2022




Ágúst 2022




Júlí 2022




Júní 2022




Mai 2022




Apríl 2022




Mars 2022



Febrúar 2022



Janúar 2022



Heimildir

¹Ferðamálastofa og Isavia: Brottfarartalningar á Keflavíkurlugvelli 2019-2022. Um er að ræða talningu á farþegum á leið úr landi áður en komið er inn á brottfararsvæði og ber að skoða tölurnar með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér. Talningarnar náðu yfir alla sem fóru í gegnum hefðbundna öryggisleit fram í september 2019. Frá og með október 2019 hefur verið byggt á úrtaksáferð.

²Ferðamálastofa: Landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands á Keflavíkurlugvelli 2019-2022. Könnunin lá niðri á tímabilinu apríl-júní 2020, og á tímabilinu september 2020 til maí 2021 vegna Covid.

³Hagstofa Íslands: Gistinóttatalningar 2019-2022. Um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir 2022. Með skráðum gistinóttum er átt við gistinætur hjá rekstraraðilum sem eru skráðir í gistináttagrunni Hagstofunnar. Samanburður tekur mið af 2022/2021 og 2022/2019.

Ferðapjónusta í tölum, janúar 2023 - samantekt

Í „Ferðapjónusta í tölum – janúar 2023“ má sjá samantekt um ýmsar stærðir í íslenskrri ferðapjónustu fyrir árið 2022, m.a. brottfarartalningar erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurlflugvöll, skráðar gistinætur, nýtingu á hótelum og nokkrar niðurstöður er varða dvöl ferðamanna á Íslandi s.s. um tilgang ferðar, dvalarlengd og heimsóknir eftir landshlutum.

Um 1,7 milljón erlendar brottfarir árið 2022*

Brottfarir erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurlflugvöll voru um 1,7 milljón árið 2022 eða um milljón fleiri en árið 2021. Fjöldinn var um 85% af því sem hann var árið 2019 og 73% af því sem hann var árið 2018 sem var metár í fjölda ferðamanna til Íslands.

Bandaríkjamenn voru fjölmennastir árið 2022, tæplega 460 þúsund talsins eða ríflega fjórðungur (27%) allra brottfara. Um er að ræða tvisvar sinnum fleiri Bandaríkjamenn en árið 2021 og álíka marga og árið 2019. Brottfarir Bretar voru í öðru sæti, um 230 þúsund eða fjórum sinnum fleiri en árið 2021. Fjöldi Bretar var um 88% af því sem þeir mældust árið 2019. Í þriðja sæti voru brottfarir Þjóðverja, um 132 þúsund talsins eða rúmlega tvisvar sinnum fleiri en árið 2021. Brottfarir Þjóðverja voru álíka margar árið 2022 og árið 2019. Í fjórða til fimmta sæti voru brottfarir Frakka og Pólverja.

Langflestir eða um níu af hverjum tíu erlendum ferðalögum voru í fríi á Íslandi árið 2022. Um 3,2% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum og um 2,9% í viðskiptatengdum tilgangi. Um 2,6% voru í annars konar tilgangi.

Meðalfjöldi gistinotta 7,4 nætur**

Ferðamenn dvöldu að jafnaði 7,4 nætur á ferðalögum um Ísland árið 2022 sem er nokkuð lengri dvalarlengd en mældist fyrir faraldur en dvalarlengdin var að jafnaði 6,6 nætur árið 2019 og 6,3 árið 2018. Breytt ferðamynstur vegna Covid-19 faraldursins leiddi af sér lengri dvalarlengd erlendra ferðamanna hérlendis og gætti þeirra áhrifa langt fram á árið 2022. Lengst var dvalarlengdin í júlí (9,0 nætur) og ágúst (8,9 nætur) en styst í desember (5,5 nætur), febrúar (5,6 nætur) og nóvember (5,7 nætur).

Bandaríkjamenn sem vega þyngst vegna hárrar hlutdeildar dvöldu að jafnaði 6,6 nætur árið 2022 eða um einni nótt lengur en þeir gerðu 2019 og 2018. Af tíu fjölmennustu þjóðernunum voru Þjóðverjar og Frakkar með lengstu dvalarlengdina 2022 eða um og yfir níu nætur.

Skráðar gistinætur 2022 fleiri en árið 2019

Skráðar gistinætur voru tæplega níu milljón talsins árið 2022 samkvæmt gistináttagranni Hagstofunnar, tæplega fjórum milljónum fleiri en árið 2021 (77% aukning) og 440 þúsund fleiri en árið 2019 (5,2% fjölgun). Þegar samsetning gistinotta er skoðuð fyrir og eftir faraldur má sjá hve há hlutdeild Íslendinga er í gistinottum á tímum faraldursins eða 45% árið 2020 og 39% árið 2021 en Íslendingar fylltu að einhverju leyti í skarðið sem myndaðist þegar dró úr ferðalögum erlendra ferðamanna til landsins. Árið 2022 mátti rekja fimmtung gistinotta til Íslendinga sem er nokkuð hærra en var fyrir faraldur en hlutdeild Íslendinga mældist 13% árið 2018 og 2019.

Um helmingi gistinotta (53%) var eytt á hótelum, um 14% á gistiheimilum og tæplega þriðjung (32%) í annars konar gistingu. Tæplega helmingi (46,9%) gistinotta var eytt yfir sumarmánuðina þrjá.

Tæplega helmingur hótलगistinotta tilkominn vegna Bandaríkjamanna og Íslendinga

Um 4,7 milljónum gistinotta var varið á hótelum árið 2022, nærri tvisvar sinnum fleiri en árið 2021 (91% aukning). Hótलगistinætur voru um 166 þúsund færri árið 2019.

Um fjórðung hótलगistinotta (tæplega 1,2 milljón) mátti rekja til Bandaríkjamanna og um fimmtung (934 þús.) til Íslendinga. Í þriðja til fimmta sæti voru gistinætur Bretar, Þjóðverjar og Frakkar.

Nýting á hótelum fór yfir 90% í nokkrum landshlutum í júlí og ágúst

Nýtingin á hótélherbergjum var á bilinu 50-60% sex mánuði ársins (feb., mars, apríl, maí, nóv. og des.) og á bilinu 70-80% þrjú mánuði ársins (júní, sept. og okt.). Lægst var nýtingin í janúar (29%) og hæst í júlí og ágúst (89%) en þá fór hún yfir 90% á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Austurlandi.

* Fjöldatölur taka mið af brottfarartalingum Ferðamálastofu og Isavia á Keflavíkurlflugvelli og ber að skoða tölurnar með þeim [fyrirvörum](#) sem aðferðafræðin felur í sér.

**Þar sem ferðalög erlendra gesta lágu niðri fyrri hluta ársins 2021 vegna COVID-19 var ekki haldið úti samfelldri gagnasöfnun um ferðavenjur með könnunum (jan.-maí 2021).